



## Mótanefnd KSÍ

*Reykjavík, 7. febrúar 2025.*

**Efni:** Umsögn mótanefndar KSÍ vegna tillögu um áminningar og leikbönn (Þingskjal 9).

Áminningar og brottvísanir voru sett í knattspyrnulögin til að vernda leikmenn og er mikilvægt tæki dómarans við agastjórnun á leikvelli. Viðurlög um leikbönn í reglugerð eru svo mikilvægt tæki til stuðnings því markmiði.

Með því að breyta viðurlögum á þennan hátt getur fjöldi leikmanna í hverju félagi leikið seinni hluta mótsins þannig að viðkomandi geti fengið áminningu í öllum 5 leikjum mótsins án þess að fara í leikbann. Þá þjóna viðurlögin um leikbönn ekki markmiðum sínum. Það getur leitt til grófari leiks. Þannig mögulega aukið meiðslahættu leikmanna og jafnframt gert starf dómarans mun erfiðara.

Mótanefnd KSÍ